

# Lokaskýrsla um þróunarverkefnið

## - Leikskólalæsi –



**Leikskólinn Kiðagil**  
**Júlí 2010**  
Verkefnisstjórar  
Emma Hulda Steinarsdóttir  
Drífa Þórarinsdóttir

Vorið 2009 hófst vinna við nýtt þróunarverkefni, „Leikskólalæsi“, í samvinnu við Kennsluþróunarsvið Háskólans á Akureyri.

### **Markmið þróunarverkefnisins er að:**

- Styrkja málvitund barnanna.
- Veita skipulega málörvun sem stuðlar að eðlilegri færni í íslensku.
- Samþætta hina mörgu þætti máls, s.s. lestur, ritun, tal og hlustun.
- Hafa markvissa og heildstæða læsiskennslu frá upphafi skólagöngu nemenda.
- Þróa vinnubrögð í læsiskennslu í leikskóla.

### **Upphaf verkefnisins:**

Læsisnám leikskólabarna er helsta áhersla í starfi Kiðagils. Þegar barn byrjar skólagöngu sína í Kiðagili hefst læsisvinna. Í skólanum er læsishvetjandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á sjónræna vitund barnanna um rituð tákni, með því að hafa flesta hluti í umhverfinu merkta og í þeirra augnhæð. Kveikjan að þessu verkefni var að fá fleiri verkfæri til að dýpka og stuðla að markvissari vinnubrögðum kennara með læsi nemenda sinna.

### **Framvinda**

Á vordögum 2009 var fyrsti fundur stýrihópsins en hann skipa tveir verkefnisstjórar, aðstoðarskólastjóri og tveir ráðgjafar frá Háskólanum á Akureyri. Farið var yfir vinnuramma þar sem markmiðum og leiðum voru gerð skil.

Allir kennarar og starfsfólk skólans unnu saman í hópum að kennsluáætlunum fyrir öll börn leikskólans. Einnig hafa ráðgjafar frá Háskólanum á Akureyri haldið nokkra fyrirlestra um efnið.

Á haustdögum hófst þemavinna eftir kennsluáætlunum á öllum deildum. Yngstu börnin byrjuðu á námsefninu „1, 2, og byrja“ sem er sérhannað fyrir yngstu börnin í leikskóla (18 - 24 mánaða). Námsefnið byggir á námskenningum Blooms og fjölgreindarkenningu Gardners. Námsefnið býður upp á markvissa vinnu með ákveðið efni, s.s Tákni með tali, einfaldar myndir og liti. Innlögnin hefst þegar aðlögun lýkur og er unnið

með námsefnið í ákveðinn tíma með eftirfylgni og símati. Samhliða var unnið eftir kennsluáætlun tengda þemu haustannar út frá bókinni „Barbapabbi“

3-4 ára börnin unnu með þemað „Ég sjálf/ur og líkaminn minn“. Unnið var eftir kennsluáætlun tengda þemu út frá bókinni „Matti fer til Heilsulands“.

4-5 ára börn unnu með þemað „Fjölskyldan“. Unnið var eftir kennsluáætlun tengda þemu út frá bókinni „Gunnhildur og Glói“.

Elstu börnin unnu með þemað „Himingeimurinn“. Unnið var eftir kennsluáætlun tengda þemu út frá bókinni „Allra fyrsti atlasinn minn“.

Vinnan gekk misvel á deildum. Á tveimur Yngstu deildunum kom í ljós að bókin/textinn sem var verið að vinna með var of þungur fyrir viðkomandi aldur. Í byrjun október var ákveðið að tvær yngri deildirnar færu í frekari undirbúnings- og hugmyndavinnu fram að áramótum. Á eldri deildunum var áframhaldandi vinna við þróunarverkefnið þar sem m.a. voru lagaðir hnökrar á kennsluáætlunum og verklega þættinum gerð betri skil.

Á degi íslenskrar tungu, þann 16 nóvember, heimsótti Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra Kiðagil ásamt fulltrúum frá Menntamálaráðuneytinu, Háskólanum á Akureyri og Skóladeild Akureyrarbæjar. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um þróunarverkefnið „Leikskólalæsi“. Viðar Ernir 5 ára nemandi bauð gestina velkomna með svohljóðandi ávarpi:

**„Velkomin í Kiðagil Katrín. Ég heiti Viðar Ernir. Við erum að læra um himingeiminn. Við lærum að lesa og skrifa stafina. Við lesum líka fyrir menntamálaráðherra.“**



Ráðherra og fylgdarlið fylgdust með starfi barnanna í skólanum og fannst greinilega mikið til um þann augljósa áhuga á verkefnum sem börnin sýndu.

Í desember 2009 var farið yfir stöðu mála og skoðað hvað og hvernig hefur verið unnið með læsi (þ.e. orðaforði, tal, tjáning, hlustun, lestur og ritun) inn á deildum áður en verkefnið hófst. Þar á eftir var skoðað hvað hefur áunnist eftir að verkefnið fór af stað og hvort öllum þáttum læsis væri sinnt og hver væru næstu skref.

Helstu niðurstöður voru að á yngstu deildinni gekk ekki það form sem ákveðið hafði verið að ganga út frá þ.e. að vinna út frá einni sögu í einu til lengri tíma eftir fyrirframgerðri kennsluáætlun. Ástæðan gæti hafa verið óöryggi kennara að vinna út frá aðferð sem þeir höfðu ekki unnið eftir áður og virtust þeir ekki ná tökum á að nýta eina bók í fjölbreytta vinnu og festust í texta bókarinnar. Ákveðið var að á vorönn yrði unnið með þemað „Ég sjálfur“ og þá lesnar einfaldari bækur sem tengjast þemanu og unnið með ákveðna þætti í viku í senn. Þá var ákveðið að tengja enn frekar þulur og söngva hverri viku til að vinna enn markvissara að þemanu, efla hugtakaskilning og næmi fyrir hljóðum, hrynjanda og söng.

Á næst yngstu deildinni kom svipað vandamál upp og hjá yngstu deildinni. Verkefnið varð allt og yfirdrifsmikið. Kennurum fannst vanta upplýsingar og meiri fræðslu og voru óöryggir. Ákveðið var að breyta vinnulagi þar líka. Ákveðið var að þema vorannar yrði „Húsdýrin“ og unnið markvisst með læsi út frá því. Farið var í hugtakavinnu og dregin fram þau hugtök sem tengjast húsdýrum og lifnaðarhætti þeirra og unnið markvisst með þau. Einnig að flétta læsið inn í allt starf deildarinnar. Mjög spennandi þróun í gangi.

Á næst elstu deildinni þóttu helstu breytingar vera að lögð hafði verið niður markviss stafainnlögn. Að vinna út frá einni bók „Gunnhildur og Glói“ var ekki að ganga þar sem lítill áhugi var fyrir bókinni. Bókin var valin í tengslum við þema haustannar sem var „Ég fjölskyldan mín og umhverfið mitt“. Unnið var með bókina fram í desember. Á vorönn

var unnið með bókina „Prinsessan og hugrakki prinsinn hennar„. Vangaveltur voru um hvort kennurum finnst spuninn sem fylgir byrjendalæsinu vera of erfiður og á fundi með stýrihópnum kom í ljós að kennararnir voru of fastir í ákveðnu formi, þ.e. nýttu ekki bókina til útvíkkunar á efninu heldur rýndu innávið og festu sig í texta bókarinnar. Unnar voru hugmyndir um leiðir til úrbóta og frekari útfærsla. Meðal þess sem skoðað var er lengd þess tíma sem varið er í yfirferð bókanna. Í tengslum við sveitaferð var unnið með bókina „Kátt í koti“ sem fjallar um dag í lífi stelpu í leikskóla. Fleiri bækur eru nú notaðar og fléttað inn í þemastarf vorannar sem er bærinn minn auk þess sem börnin hafa nú meiri áhrif á val bóka.

Á elstu deildinni voru öll vinnubrögð orðin markvissari. Ein bók – lykilorð – meiri leikur. Uppbygging bókarinnar sem notuð var reyndist ekki vera nógu góð þar sem aðdragandinn að þemanu reyndist of langur. Farið var of djúpt í efnið sem tengdist aðdragandanum en það var síðan endurskoðað og leiðrétt. Kennararnir eru meðvitaðir um tjáningu og tal og einnig á góðri leið með að þróa áframhaldandi vinnu með læsi í tengslum við eina bók og þema vorannar „Gamli tíminn“. Í janúar og febrúar er samstarfsverkefni milli Kiðagils, Tröllaborga og Giljaskóla, þar sem unnið verður með sögur eftir Jón Sveinsson. Engjarós vinnur með bókina „Ævintýri Nonna – Útilegumaðurinn“. Í mars, apríl og maí verður unnið með bókina „Maðurinn sem átti að gæta hússins“, höf: P. Chr. Asbjörnsen og Moe.

### **Fundir og mat á verkefninu**

Í byrjun vorannar 2010 lögðu Anna Katrín og Emma Hulda fram drög að matslista fyrir allar deildir. Til hliðsjónar var notaður matslisti sem Halldóra Haraldsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri notaði í fyrirlestri á ráðstefnunni „Að beita sverðinu til sigurs sér“<sup>1</sup> þann 14. apríl 2007 á vegum Skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Yfirskrift fyrirlestrarins var „Að meta mál leikskólabarna“<sup>2</sup>. Kennarar hvernar deildar fóru í gegnum matslista tengda sínum aldurshóp, fundu hvað mátti betur fara og aðlagði að deildinni sinni. Gengið var út frá því

<sup>1</sup> <http://vefir.unak.is/skolathroun/radstefnur/april2007/default.htm>

<sup>2</sup> <http://vefir.unak.is/skolathroun/radstefnur/april2007/glaerur/halldora.ppt>

starfi sem fram fer í Kiðagili, málproska barna og hvaða kröfur eru gerðar á börnin varðandi mál „Leikskólalæsi“.

Ráðgjafar frá Háskólanum á Akureyri hafa haldið fyrirlestra í leikskólanum um efnið. Stýrishópur fundar einu sinni í mánuði.

### **Mat á vorönn:**

Kennurum yngstu deildar (2-3 ára) finnst eins og valið á bókunum sé meðvitaðra og markvissara en áður. Starfið á deildinni er greinilega á réttri leið þrátt fyrir óöryggi kennara áður.

Kennurum á Sóley (3-4 ára) gengur betur í dag í læsisvinnunni. Unnið er meira með hugtök tengt þema vorannar og einnig gengur betur að flétta læsið inn í allt starf deildarinnar.

Kennarar á næst elstu deild (4-5 ára) eru komnar yfir ákveðinn hjalla varðandi skipulag og er læsisvinnan komin í betri farveg. Áframhaldandi þróun á verkefninu.

Kennurum á elstu deild (5-6 ára) finnst vinnan orðin markvissari. Læsið fléttað inn í allt starf deildarinnar, t.d. í gegn um þemavinnuna þar sem unnið er verkleg vinna samtímis læsinu.

Í maí voru gerðar kannanir um þróunarverkefnið og lagðar fyrir starfsfólk og foreldra barna í leikskólanum Kiðagili (sjá fylgiskjal 1 og 2).

Niðurstöður í starfsmannakönnun er að finna á eftirfarandi vefslóð:

[http://www.surveymonkey.com/sr.aspx?sm=pvaXWnb2RPPIn4p\\_2fDzPNrDNxESNVFcVztRyt7IDuO0k\\_3d](http://www.surveymonkey.com/sr.aspx?sm=pvaXWnb2RPPIn4p_2fDzPNrDNxESNVFcVztRyt7IDuO0k_3d)

Niðurstöður leiddu í ljós að að um 40% starfsmanna finnst þeir ekki nægilega upplýstir um þróunarverkefnið og finnst jafnframt aðgengi að upplýsingum ekki nægilega gott. Samt sem áður finnst 70% starfsmanna

ganga vel að vinna með læsi og 90% finnst staða læsis í skólanum góð. Þessar niðurstöður þarf að taka til greina við áframhaldandi vinnu með læsi í skólanum og hafa verið ákveðnar leiðir til úrbóta á haustfundi skólans þar sem kynning verður frá hverri deild á því sem verið er að vinna tengt læsi. Nokkrir punktar komu frá starfsmönnum um hvað megi betur fara varðandi verkefnið og verða þeir teknir til skoðunar á haustdögum 2010.

Niðurstöður í foreldrakönnun er að finna á eftirfarandi vefslóð:

[http://www.surveymonkey.com/sr.aspx?sm=ui9hPIIBXyFQTY55zwfFdIQXu0cUZBnwGdK6s\\_2bOHSpk\\_3d](http://www.surveymonkey.com/sr.aspx?sm=ui9hPIIBXyFQTY55zwfFdIQXu0cUZBnwGdK6s_2bOHSpk_3d)

Niðurstöður foreldrakönnunar leiddu í ljós að nær 90% foreldra þekkja stefnu skólans varðandi læsi og þróunarverkefnið. Niðurstöður leiddu í ljós að foreldrar hafa orðið varir við að börnin þeirra sýna aukinn áhuga á ákveðnum þáttum varðandi læsi, s.s. söngvum, bókstöfum, bókum, lestri, skrift, rími og orðum. Samkvæmt niðurstöðum eru 20 börn farin að lesa orð og/eða texta og 95% foreldra finnst mikilvægt að lögð sé áhersla á læsi í Kiðagili.

Hvar fékstu upplýsingar um þróunarverkefnið var ein spurning í könnuninni. Þegar könnunin var komin af stað uppgötvuðum við að hún var gölluð og gaf foreldrum takmarkað tækifæri til svörunar, þ.e. þeir gátu aðeins valið einn svarmöguleika sem gefur ranga mynd af því hvernig upplýsingaflæði frá skólanum er háttað. Þessi spurning verður lögðu í næstu könnun.

Mat verkefnisstjóra og skólastjórnenda er að mikil þróun hefur verið í vinnu varðandi læsi sem hefur skilað sér í skemmtilegri verkefnavinnu á fjölbreyttan hátt. Hver deild hefur þróað ákveðnar leiðir til að aðlaga verkefnið að hverjum aldurshópi með tilliti til þroska barnanna og getu. Vakning hefur orðið í starfsmannahópnum og er það mat okkar að við höfum náð að byggja upp ákveðna þekkingu og þannig unnið á því óöryggi sem myndaðist í upphafi verkefnis. Við teljum okkur hafa náð markmiðum fyrsta árs verkefnisins og sjáum fram á skemmtilega vinnu á komandi ári við frekari þróun til betra lestrar umhverfis. Þess má geta að í dag eru 21 barn af 24 börnum á elstu deild leikskólans orðin læs sem

segir mikið um það hversu vel hefur náðst að halda utan um verkefnið og það skilað þeim árangri sem við væntum og farið fram úr björtustu vonum.

Á undanförunum árum hefur verið skoðuð stafabekking barnanna mjög markvisst í gegnum skólagöngu þeirra. Það er mat kennara að á sumum deildum hefur orðið veruleg aukning á þekkingu barnanna en árlegt mat lá ekki fyrir þegar skýrslan var unnin.

Matslistar deilda voru lagðir fram en þeir eru í stöðugri þróun. Listar fyrir öll börn skólans verða fylltir út af kennurum barnanna áður en börnin flytja milli deilda í ágúst (sjá fylgiskjal 3).

Á heimasíðu Kiðagils er fjallað um þróunarverkefnið í máli og myndum. Sjá

vefslóð: <http://kidagil.akureyri.is/Kidagil/lestrarnam/lestrarnam.htm>.

Þó svo þetta sé lokaskýrsla ársins 2009-2010 er þróunarverkefnið til júní 2011 og munu frekari upplýsingar um verkefnið verða settar á vefsíðu skólans, s.s. samanburður kannana og matslist sem mikilvægt er að horfa til í verkefni sem þessu.

Kynnig á verkefninu mun fara fram þann 11. september 2010 á ráðstefnu um læsi „Læsi – Lykill að andanas auði” á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

**Kiðagil, Maí 2010**

Emma Hulda Steinarsdóttir, verkefnisstjóri

Drífa Þórarinsdóttir, verkefnisstjóri

Snjólaug Brjánsdóttir, skólastjóri

## Fylgiskjal 1

### Spurningar til foreldra V/þróunarverkefnisins Leikskólalæsi.

1. Þekkir þú stefnu skólans varðandi læsi?  
Já ( ) Nei ( )
2. Þekkir þú til þróunarverkefnis skólans?  
Já ( ) Nei ( )
3. Hvar fékkstu upplýsingar um þróunarverkefnið?  
Frá kennurum ( ) Í fréttabréfi ( ) Á heimasíðu ( ) Frá öðrum foreldrum ( )
4. Hefur þú orðið var við að barnið þitt sýni einhverjum af eftirfarandi þáttum áhuga?  
Bókstöfum ( ) Bókum ( ) Söngvum ( ) Rími ( ) Orðum ( ) Lestri ( ) Skrift ( )
5. Er barnið þitt farið að lesa?  
Orð ( ) Texta ( )
6. Finnst þér mikilvægt að skólinn leggi áherslu á læsi?  
Já ( ) Nei ( )

## Fylgiskjal 2

### Matsblað fyrir starfsfólk V/Þróunarverkefnisins Leikskólalæsi.

1. Finnst þér þú vera nógu upplýst/ur um þróunarverkefnið Leikskólalæsi?  
Já ( ) Nei ( )
2. Finnst þér vera nægilegt aðgengi að upplýsingum um þróunarverkefnið Leikskólalæsi?  
Já ( ) Nei ( )
3. Hvernig gengur þér að vinna í þróunarverkefninu Leikskólalæsi?  
Mjög vel ( ) Nokkuð vel ( ) Sæmilega ( ) Illa ( )
4. Hvernig finnst þér staðan í dag vera á markmiðum verkefnisins eftir að vera búin að vinna með Þróunarverkefnið Leikskólalæsi?  
Mjög góð ( ) Góð ( ) Nokkuð góð ( ) Sæmileg ( ) Ekki góð ( )
5. (a) Hvað má bæta? (b) Hverju þarf að breyta?

## Fylgiskjal 3

### Þroskamarkmið

2-3  3-4  4-  5- 

#### Innihald máls – skilningur

| Þetta get ég: (sjá hugtakalista)  | Kann. Dagsetning |
|---|------------------|
| Skilur um 50 orð. Mest nafnorð og sagnorð   |                  |
| Skilur nokkur lýsingarorð   |                  |
| Skilur einstök staðsetningarhugtök  |                  |
| Skilur nokkur fornöfn   |                  |
| Vísar til sín með nafni   |                  |
| Flettir myndabókum, nefnir hluti á mynd   |                  |
| Skilur hugtök tengd tilfinningum, glaður, reiður....                                    |                  |
| Hlustar af eftirtekt  |                  |
| Notar þriggja - sex orða setningar.   |                  |
| Þekkir  |                  |
| → fullt nafn  |                  |
| → fæðingardag,  |                  |
| → veit kyn sitt   |                  |
| → heimilisfang  |                  |
| Hefur talnaskilning frá 1 – 3   |                  |
| Spyr mikið, notar einkum spurnarfornafnið hvað.   |                  |
| Hlustar á sögur (raunverulega atburði og ævintýri)                                      |                  |
| Kann söngtexta.   |                  |
| Getur flokkað út frá yfirhugtaki  |                  |
| Þekkir heiti nokkurra lita  |                  |
| Hefur ánægju af tungumálinu og leikur með það   |                  |
| Getur gert grein fyrir persónulegum upplýsingum   |                  |
| Þekkir heiti nokkurra forma.  |                  |
| Þekkir mun á ljósum og dökkum litum   |                  |
| Hefur talnaskilning frá 4 – 6   |                  |
| Getur útskýrt athafnir  |                  |
| Getur útskýrt einstök orð.  |                  |
| Skilur tímahugtök, staðsetningu og rúm  |                  |
| Getur fylgt tví- til þríþættum skilaboðum   |                  |
| Veit að myndir, tölustafir, orð og bókstafir eru tákn fyrir raunveruleg orð og athafnir |                  |

|   |  |
|---|--|
| Eykur við þekkingu bók- og tölustafa. (ath í jan) |  |
| Hefur talnaskilning frá 7 – 10                    |  |
| Gerir tilraunir til að skrifa orð                 |  |
| Skilur hugtök sem tengjast staðsetningu og rúmi   |  |
| Skilur samhengi í tímaröð (sjá mynd)              |  |
| Sér rökrænar tengingar                            |  |

### Form – setningar, málfræði, hljóðkerfi

| Þetta get ég: (sjá hugtakalista)                   | Kann dagsetning |
|--|-----------------|
| Segir um 40 orð                                    |                 |
| Notar tveggja til þriggja orða frasa               |                 |
| Notar nei, ekki og tveggja orða neitunarfrasa      |                 |
| Byrjandi notkun fornafna: þú – ég                  |                 |
| Byrjandi notkun fleirtölu: sokkar - dúkkur         |                 |
| Byrjandi notkun veikrar þátíðar: borðaði - labbaði |                 |
| Byrjandi notkun spurnarorða: hvað?                 |                 |
| Vantar mörg máhljóðanna:                           |                 |
| Skilst ekki vel af ókunnugum                       |                 |
| Tal án framburðarerfiðleika                        |                 |
| Ef framburðar erfiðleikar, hverjir?                |                 |
| Spjallar m.a.                                      |                 |
| → Tjáir hugmyndir                                  |                 |
| → Tilfinningar                                     |                 |
| → Gerir athugasemdir                               |                 |
| → Segir öðrum fyrir verkum.                        |                 |
| → Segir sögur, segir frá liðnum atburðum.          |                 |
| → Beitir ímyndunarafli til sögusköpunar            |                 |
| Skilur tímahugtök s.s. í gær, á morgun             |                 |
| Skilur stærðar- og fjöldahugtök                    |                 |
| Skilur andstæð hugtök                              |                 |
| Getur útskýrt notkunarmöguleika hluta .            |                 |
| Getur endurtekið setningar.                        |                 |
| Ritunarferli þróast í form svipuðum bókstöfum      |                 |
| Barnið byrjar að “skrifa”                          |                 |
| Tal án framburðarerfiðleika                        |                 |
| Ef framburðarerfiðleikar, hverjir?                 |                 |

|   |  |
|---|--|
|   |  |
| Finnst gaman að “lesa”  |  |
| “Skrifar” upplýsingar eða sögur.  |  |
| Þekkir eigið nafn á prenti og ýmis skilti.  |  |
| Getur notað einstaka veika sögn í þt, datt, hljóp.                                  |  |
| Getur talað um ímyndað ástand   |  |
| Spyr spurninga með spurnarorðunum.  |  |
| Talið er vel skiljanlegt en löng orð og flókin í framburði geta valdið erfiðleikum. |  |
| Setningalengd allt að átta orð.   |  |
| Tal án framburðarerfiðleika   |  |
| Ef framburðarerfiðleikar, hverjir?  |  |
| Leiðréttir eigin setningar  |  |
| Tal án framburðarerfiðleika   |  |
| Ef framburðarerfiðleikar, hverjir?  |  |
| Getur útskýrt setningar   |  |
| Getur sagt úr hverju hlutir eru búnir til.  |  |
| Getur talið 10 hluti.   |  |
| Þekkir einstaka peninga; s.s 100 kall.  |  |
| Notar nt, þt og framtíð í tali.   |  |
| Notar flóknar setningar (talar fullorðinslega)                                      |  |
| Setningalengd um átta orð.  |  |

### Notkun máls

| Þetta get ég:                                     | Kann dagsetning |
|---|-----------------|
| Svarar einföldum spurningum                       |                 |
| Hermir athafnir, hljóð og orð                     |                 |
| Leikur hlutverkaleiki                             |                 |
| Getur unað við sama viðfangsefni sex – sjö mín.   |                 |
| Tekur þátt í samræðum                             |                 |
| Geta farið með þulur og sungið söngva             |                 |
| Hefur frumkvæði að samræðum                       |                 |
| Getur unað við sama viðfangsefni í 8 – 10 mín     |                 |
| Leikur með málið, t.d. rím                        |                 |
| Leikur sér með orð, býr til bullorð og furðusögur |                 |

|   |  |
|---|--|
| Er að ná valdi á skriffærum.                    |  |
| Getur unað við sama viðfangsefni í 11-12 mín    |  |
| Getur rökrætt                                   |  |
| Getur sagt frá atburðarás                       |  |
| Getur unað við sama viðfangsefni í 12 – 13 mín. |  |
| Getur leyst munnlega úr vandamálum              |  |

### Lestur

| Petta get ég:                                 | Kann. Dagsetning |
|---|------------------|
| Heldur rétt á bók                             |                  |
| Flettir blaðsíðum, eina fyrir eina            |                  |
| Talar um myndir                               |                  |
| Þekkir stafinn sinn                           |                  |
| Hefur áhuga á bókum                           |                  |
| Lestraráttin                                  |                  |
| Les nafnið sitt                               |                  |
| Notar myndir til að hjálpa sér við lestur     |                  |
| Les í umhverfi sitt, s.s skilti               |                  |
| Þekkir merkingu einstaka orða                 |                  |
| Tengi heiti og hljóð stafa                    |                  |
| Skilur að bókstafir á blaði standa fyrir orð. |                  |
| Vita að það er höfundur að baki hvernar bókar |                  |
| Les bækur                                     |                  |
| Hljóða orð                                    |                  |
| Brýtur orð niður og býr til ný                |                  |
| Þekkir stóra og litla stafi                   |                  |
| Les bækur til að afla sér þekkingar           |                  |

### Ritun

| Petta get ég:                           | Kann. Dagsetning |
|---|------------------|
| Heldur á skriffæri                      |                  |
| krotar                                  |                  |
| Skrifar þykjustuskrift                  |                  |
| Krotar myndir sem þau geta sagt hvað er |                  |
| Gera tilraunir til að draga til stafs   |                  |
| Skrifar stafi                           |                  |
| Skrifa nafnið sitt                      |                  |
| Skrifar orð                             |                  |

|                              |  |
|------------------------------|--|
| Heldur rétt á skriffæri      |  |
| Skrifa frá vinstri til hægri |  |
| Skrifar setningar            |  |

Stuðst var við eftirfarandi heimildir við gerð listans:

Halldóra Haraldsóttir. Vefslóð: <http://vefir.unak.is/skolathroun/radstefnur/april2007/glaerur/halldora.ppt>

## Hugtakalisti fyrir Gleym mér ei (2 ára viðmið)

|  |  |  |
|--|--|--|
| <p><b>Orðalisti v/ matarborð:</b></p> <p>Matur, glas, hnífur, gaffall, diskur, smekkur, klútur, þvo sér, súpa/drekka, smakka, sitja, bíða, gjörið svo vel, meira, búinn, drekka, borða kjöt, fiskur, ávextir, mjólk, kartöflur, hrísgrjón, kæfa, grænmeti, súpa/grautur, sósa brauð, pasta, vatn, smjör, ostur, mysingur.</p>  | <p><b>Orðalisti í leik:</b></p> <p>Púsla, leira, kubba, lita, leika, bók, lesa, mála, perla, pinna, dúkka, dúkkuvagn, hoppa, hlutverkaleikur, poki, könnunarleikur, detta, leikteppi, ganga frá, standa, hlaupa, ganga, koma, fara, aftur, stoppa,</p>   | <p><b>Ég sjálf/sjálfur(haust):</b></p> <p>Ég, þú, hendur, fætur, tær, fingur, augu, nef, munnur, eyru, hár, neglur, háls, nafli, rass, kinnar, haka, enni, heima, leikskóli, hús, bíll mamma, pabbi, og fleira og fleira</p>   |
| <p><b>Orðalisti v/ fataherbergi og útivera:</b></p> <p>Út/inn, klæða sig í/úr, úlpa, galli, húfa, vettlingar, peysa, ullarsokkar, stígvél, skór, regngalli, snjór, rigning, sól, kalt, heitt, blaut, þurr, hlaupa (úti), leika, moka, fata, skófla, renna, róla, hjóla, kastali, sandkassi steinn, (moka í sandkassanum), gras, himinn, grindverk, hlið, hurð, gluggi, vatn, pollur, gangstétt, gata, umferðarljós, strætó, gangbraut, leiðast, ganga í röð.</p> | <p><b>Orðalisti v/þemavinnu sem fléttast inn í allt starfið:</b></p> <p>Einn tveir og byrja (haust): Gulur, rauður, grænn, blár, svartur, hvítur, fjólublár, brúnn, bleikur, appelsínugulur.</p> <p>Kisa, hundur, kýr, kind, svín, fuglar, fiskur, björn, froskur, api, krókódíll, ljón og svo hugtök sem tengjast táknum sem er breytilegt ár frá ári</p> | <p><b>Orðalisti á salerni:</b></p> <p>Pissa, kúka, þvo sér, bleyja, koppur, klósett, vaskur, sápa, þurrka, sturta niður, búinn, gefa næði</p> <p><b>Orðalisti í hvíld:</b></p> <p>Sofa, snuð, koddur, teppi, dýna, vakna, loka augum, liggja kyrr</p> <p><b>Orðalisti í samveru:</b></p> <p>Hlusta, sitja syngja, lesa, tala, skoða, hendur og fætur hjá sér</p> |

|   |   |   |
|---|---|---|
|   |   |   |
| <p><b>Staðsetningarhugtök:</b></p> <p>Undir, yfir, í, á, framan, aftan, eftir, upp, niður</p> <p><b>Spurnarorð:</b></p> <p>Hvað, hver, af hverju, með?, má ég, viltu gefa mér/rétta mér, hvar er mamma/pabbi/ leikfang/ kennari</p> | <p><b>Fornöfn:</b></p> <p>Ég, þú, hann, hún, við, þið</p> <p><b>Neitunarfrasar:</b></p> <p>Nei, ekki, vil ekki, má ekki, get ekki, kann ekki, nenni ekki (sjaldgæft), veit ekki</p>   | <p><b>Lýsingarorð:</b></p> <p>Góð, reið, dugleg, stór, lítill, þreytt, syfjuð, leið, feitur, mjór, glaður, södd, svöng, mjúkur, harður</p> <p><b>Fleirtala:</b></p> <p>Kubbar, krakkar, dýr, sokkar, föt, vettlingar (álítum að börn á þessum aldri noti lítið sem ekkert fleirtölu nema þegar um er að ræða orð sem eru sögð eins í eintölu og fleirtölu, erum að skoða þetta)</p> |
| <p><b>Orðalisti tengt SMT</b></p> <p>Hendur og fætur hjá sér, innirödd, ganga frá eftir sig, gefa næði, fara eftir fyrir mælum,</p>   | <p><b>Tveggja til þriggja orða frasar:</b></p> <p>Ganga frá, ganga inni, ekki hlaupa, þvo hendur, sturta niður, sitja kyrr, fara út, fara inn,</p> <p>Segja nafnið sitt og svo hugtak s.s. Drífa hlaupa, Drífa borða o.s.frv. mér er illt, mér er kalt, ég er saddur, ég er skítug, ég er svöng, ná í matinn, ég er með hor, ég þarf að pissa</p> | <p><b>Veik þátíð:</b></p> <p>Ætlum að hlusta betur eftir þessu en börnin nota yfirleitt ekki veika þátíð þ.e. borðaði, labbaði. Heldur er setningarmyndun á þessa leið: ég var að pissa, ég var að leika, ég var í sundi. mamma var að greiða mér.</p>  |

**Getur unað við sama viðfangsefni í 6-7 mín:**

Þetta finnst okkur að megi skilgreina betur s.s hvort um er að ræða gólfleiki, hreyfingu/leiki, samveru, kyrrsetu s.s perla, púsla, lita o.s. frv. (sum börn una sér

einnig lengur við viðfangsefni sem þeim finnst skemmtilegt eða þarfnast ekki mikillar kyrrsetu sem þarf að hafa í huga við lýsingu á þessum þætti að okkar mati).

### Hugtakalisti fyrir Sóley (3 ára viðmið)

|   |   |   |
|---|---|---|
| <p><b>Þriggja - sex orða setn:</b></p> <p>(4 orða setning) Má ég fá meira? Má ég fara inn? Ég þarf að pissa. – Má ég fá lestina. Fór í sund í gær.</p> <p>(5 orða setning) – Fór í göngutúr í gær. Ég borða gúrku og tómata. Ég er að fara í göngutúr.</p> <p>(6 orða setning) – Ég er að fara í strætó. – Erum við að fara í salinn?</p> | <p><b>Spurnarfornafn:</b></p> <p>Hvað er þetta? Hvað ertu að gera?</p> <p><b>Leikur með tungumálið:</b></p> <p>hús – mús- krús – rús, tex – mex – lex – sex, bíll – fíll – míll, klukka – lukka – sukka.</p> <p><b>Þekkir heiti lita:</b></p> <p>Gulur, rauður, grænn, blár, svartur, hvítur, fjólublár, brúnn, bleikur, appelsínugulur, fjólublár.</p> | <p><b>Málhljóð:</b></p> <p>k, g, þ, r, s, raddað g hljóð, ýmis samhljóða-sambönd.</p> <p><b>Yfirhugtak – Dýr:</b></p> <p>Kind, hestur, kýr, hundur, kisa, svín, fuglar, mús, refur, fiskar, hreindýr.</p>               |
| <p><b>Yfirhugtak - Líkaminn:</b></p> <p>Hendur, fætur, fingur, tær, augu eyru munnur, hár, olnbogi, magi, bak, fingur, háls, hné.</p>   | <p><b>Yfirhugtak - Fatnaður:</b></p> <p>Brók, nærbolur, peysa, stuttermabolur, buxur, sokkabuxur, sokkar, gammósíur, flíspeysa, regngalli (pollagalli), skór, stígvél, kuldagalli, húfa, vettlingar, buff.</p>  | <p><b>Andstæð hugtök.</b></p> <p>Hreinn, skítugur, fullur, tómur, mjór, feitur, úti, inni, heitt, kalt, uppi, niðri, glaður, reiður, undir, yfir, blautt, þurrt, byrja, enda, þungt, létt, hratt, hægt, hátt, lágt.</p> |
| <p><b>Notkunarmögul. hluta:</b></p> <p>Gaffall; “Sem maður borðar með”, Tennur; „Til þess að tryggja matinn“. Bíll, skeið,</p>  | <p><b>Getur svarað spurn:</b></p> <p>Hvað gerir þú þegar þér er kalt? Hvað gerir þú þegar þú þarft að pissa? Hvað gerir þú þegar þú</p>   |   |

|  |          |  |
|--|----------|--|
| munnur, eyru, hendur,<br>fætur, föt, glas, skór,<br>stóll. | ferð út. |  |
|--|----------|--|

### Hugtakalisti fyrir Smára (4 ára viðmið)

|  |   |   |
|--|---|---|
| <p><b>Yfirhugtak – Fjölskylda:</b></p> <p>Afi , amma, pabbi, mamma, systir, bróðir, frænka, frændi</p>   | <p><b>Yfirhugtak – Ökutæki:</b></p> <p>Mótorhjól, krossari, snjósleði, jeppi, bíll, kappakstursbíll, sportbíll, sjúkrabíll, lögreglubíll, slökkviliðsbíll</p> | <p><b>Yfirhugtak – Dýr:</b></p> <p>Köttur, hamstur, kanína, gíraffi, ljón, týgrisdýr, fuglar, refur, úlfur, fiskur, broddgöltur, eðla nashyrningur, flóðhestur, ormur, krókódíll, maurar, kónguló, flugur, froskur.</p> |
| <p><b>Yfirhugtak – Formin:</b></p> <p>Hringur, ferhyrningur, þríhyrningur,</p> <p><b>Ímyndað ástand</b><br/>segjum sem svo að..., ég vona...</p> | <p><b>Litirnir:</b></p> <p>Ljósugulur – dökkugulur, ljósrauður – dökkrauður, ljósgrænn – dökkgrænn, ljósblár – dökkblár, svartur, hvítur, grár.</p>           | <p><b>Tímahugtök:</b></p> <p>Í dag, í gær, í morgun, á eftir, í kvöld, á morgun,</p>  |
| <p><b>Athafnir:</b></p> <p>Hvernig á að mála mynd?</p> <p><b>Spurnarorð:</b><br/>Hver, hvor, hvaða, hvers vegna.</p>                             | <p><b>Staðsetningarhugtök:</b></p> <p>Fyrir framan, fyrir aftan, bak við, við hliðina, undir, yfir, hægri, vinstri, fyrir ofan, undir, upp, niður.</p>        | <p><b>Tví- til þrjúþætt skilaboð</b></p> <p>Sæktu skærin í efstu skúffunni í kommóðunni. Náðu í blað og liti fram í Listagili</p>   |

**Hugtakalisti fyrir Engjarós (5 ára viðmið)**

|  |  |  |
|--|--|--|
| <b>Staðsetningarhugtök:</b><br>Efst, neðst, nálægt.  | <b>Tímaröð:</b><br>Hvað gerist fyrst, svo, í þriðja lagi...                  | <b>Peningaskilningur:</b><br>1 kr, 5 kr, 10 kr, 50 kr, 100 kr. |
| <b>Notkunarmögul. hluta:</b><br>Peningar – til að kaupa e-h, til að borga e-h, til að gefa e-h.<br>Stígvél – til þess að blotna ekki í fæturna | <b>Gerð hluta:</b><br>skyr – mjólk<br>stóll – tré<br>flaska – gler eða plast | <b>Tíðbeygir rétt í tali:</b><br><br>Faraði – fara             |
| <b>Tímahugtök</b><br>mánuður, vika, dagar.<br>snemma morguns, í næsta mánuði, næsta sumar, um kvöldmatarleytið                                 |  |  |